



Til allra stúkna innan Oddfellowreglunnar á Íslandi

Efni: Landsmót Oddfellowa í golfi á Urriðavelli þann 15. ágúst 2020

VI. br. / str. yfirmeistari.

Landsmót Oddfellowa í golfi árið 2020 verður haldið á golfvelli Oddfellowa Urriðavelli þann 15. ágúst n.k. Undirbúningsnefnd frá St. nr. 3 Hallveig og Rb.st. nr. 4 Sigríður hefur hafið störf, en nefndin er skipuð þremur bræðrum og þremur systur.

Undirbúningsnefndin mun starfa með mikilli gleði og ánægju, með það að markmiði að gera landsmótið árið 2020 að skemmtilegri og hressandi upplifun fyrir þátttakendur. Við vonumst til að sjá sem flest reglusystkini og maka þeirra í brosandí golfsveiflu.

Líkt og undanfarin ár reiknum við með góðri þátttöku og því áætluð að ræst verði út frá 1. og 10. teig. Fyrri ræsing er áætluð milli kl. 7.00 og 9.00 um morguninn og seinni ræsing áætluð milli kl. 12.00 og 14.00.

Reiknað er með að lokahóf með verðlaunaafhendingu og kvöldverði verði í klúbbhúsi golfklúbbs Oddfellowa.

Skráning í mótið hefst kl. 10.00 þann 15. júlí 2020 á [golfbox.golf](mailto:landsmotoddfellow@gmail.com) eða á netfanginu landsmotoddfellow@gmail.com

Þegar nær dregur verða nánari upplýsingar sendar með tölvupósti til allra bræðra og systra.

Með kærri kveðju í v, k og s
f.h. Undirbúningsnefndar Landsmóts Oddfellowa 2020

Guðbjörg Ingólfssdóttir og Ingólfur Bachmann